





Varðar: Lambhagavegur, fyrirspurn um afmörkun lóðar og fjarskiptamastur

Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Lúðvíks Stefánssonar, dags. 22. september 2023, um afmörkun lóðar að Lambhagavegi við hlið spennistöðvarlóð Veitna að Lambhagavegi 10A og reisa þar fjarskiptastaur, samkvæmt uppd. Íslandsturna, dags. 22. september 2023.



Hluti aðalskipulags 2040.



Hluti gildandi deiliskipulags.

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 samþykkt í borgarstjórn 21. desember 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulaginu er umrætt svæði á Lambhagavegi staðsett á skilgreindu opnu svæði, nánar tiltekið OP30 (Minni opin svæði innan þéttrar byggðar). Um slík svæði segir í aðalskipulaginu. „Leikvellir, gróðurreitir, minni útivistarsvæði og almenningsrými og græn beltí innan þéttbýlis.“

Deiliskipulag/Hverfisskipulag

Í gildi er deiliskipulag atvinnusvæðis fyrir Vesturlandsveg-Halla, samþ. í borgarráði 23. nóvember 2006 með síðari breytingum.

Umsókn

Óskað er eftir því að reisa 15m fjarskiptastaur á nýrri 30 m² fjarskiptalóð við hlið spennistöðvarlóð Veitna að Lambhagavegi 10A.





Umsögn

Ekki er samþykkt að afmarka/stofna lóð og reisa 15 m fjarskiptamastur fyrir einn þjónustuaðila á svæðinu. Í stað þess leggur skipulagsfulltrúi til að reisa sameiginlegt fjarskiptamastur fyrir mismunandi þjónustuaðila á eina byggingu sem fyrir er á svæðinu. Hér kæmi t.a.m. bygging á lóð Lambhagavegs nr. 6 eða húsnæði Bauhaus að Lambhagavegi 2 - 4 til greina. Umsækjandi þarf hins vegar að óska eftir leyfi hjá viðkomandi lóðarhöfum.


Leggja þarf inn byggingarleyfisumsókn og þegar umsögn/samþykki lóðarhafa liggur fyrir verður hægt að grenndarkynna erindið.

Niðurstaða


Neikvætt. Ekki er samþykkt að afmarka/stofna 30 m² lóð við hlið spennistöðvarlóð Veitna að Lambhagavegi 10 og reisa 15 m fjarskiptamastur, sbr. ofangreind umsögn.

f.h. Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur og verkefnastjóri.



Afstöðumynd
1 : 500



Snið/Ásýnd..
1 : 50

